

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarféluginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, nr. 587/2009.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimt gjald að upphæð kr. 1.700.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar sem veldur ónæði eða óþrifum skal eigandi hans greiða handsömunargjald, kr. 12.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 8. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, með vísan til 10. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg nr. 10/2010.

Selfossi, 5. janúar 2011.

Ásta Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2011